

Reglur um afhendingu sjúkraskrárgagna á Reykjalundi

Tilgangur

Tilgangur þessara regla er að tryggja rétt fólks til upplýsinga úr eigin sjúkraskrá skv. [lögum um réttindi sjúklinga](#). Ennfremur að afhending og aðgangur að upplýsingum úr sjúkraskrá sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Ábyrgð

Reykjalundur (RI) ber ábyrgð á meðferð sjúkraskráa og afhendingu sjúkraskrárupplýsinga sem eru í vörslu stofnunarinnar skv. [lögum um sjúkraskrá nr. 55/2009](#).

Umsjónaraðili sjúkraskráa, framkvæmdastjóri lækninga, ber ábyrgð á að farið sé eftir þessu verklagi.

Læknaritarar bera ábyrgð, í samráði við yfirlækna/framkvæmdastjóra lækninga, á afhendingu og skráningu á því hverjir hafa aflað upplýsinga, hvenær þeirra var aflað og í hvaða tilgangi.

Framkvæmd

Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti í sjúkraskrárkerfi Reykjalundar. Ekki er heimilt öðrum en læknum eða læknariturum að afhenda sjúklingi afrit úr sjúkraskrá, að undangenginni skriflegri beiðni sjúklings. Eyðublaðið **Beiðni um afrit úr sjúkraskrá** er hægt að finna bæði á ytri og innri síðu Reykjalundar.

Óheimilt er að senda sjúkraskrárupplýsingar með **almennum bréfaþósti, tölvupósti og faxi**. Einnig er óheimilt að vista sjúkraskrárupplýsingar í opnu tölvuskýi, með Dropbox, Google docs eða sambærilegum hætti.

Sjúklingur óskar eftir afriti úr eigin sjúkraskrá:

Afrit úr sjúkraskrá má einungis láta í té gegn skriflegri beiðni sjúklings eða umboðsmanns hans og skulu ekki afhent nema gegn framvísun persónuskilríkja. Umboðsmenn skulu framvísa skriflegu umboði frá sjúklingi með undirritun tveggja vitundavotta. Eyðublaðið „Beiðni um afrit úr sjúkraskrá“ tekur á ferli umsóknar um afhendingu gagna úr sjúkraskrá. Umsókninni er komið í hendur læknaritara sem síðan hafa milligöngu um afhendinguna í samráði við yfirlækni/framkvæmdastjóra lækninga. Þegar móttakandi hefur kvittað fyrir að hafa fengið í hendur sjúkragögnin er beiðnin skönnuð inn og sett sem viðhengi í rafræna sjúkraskrá sjúklings sem og umboð sé um það að ræða. Sjúklingur getur einnig óskað eftir að gögn verði send í póstkrofu og ábyrgðarpósti.

Gæta skal þess að í gögnum sem afhent eru séu ekki upplýsingar sem hafðar eru eftir öðrum en sjúklingi sjálfum eða frá öðrum heilbrigðisstofnunum, nema fyrir liggi samþykki þess sem upplýsingarnar gaf. Ef sá sem þannig hefur veitt upplýsingar um sjúkling er látinn eða horfinn eða neitar á óréttmætum grundvelli að veita samþykki sitt getur landlæknir ákveðið að sjúklingi eða umboðsmanni hans skuli veittur aðgangur að umræddum upplýsingum, í heild eða að hluta. Ábyrgur læknir tekur afstöðu til þess hvort það þjóni hagsmunum sjúklings að afhenda sjúkraskrá. Telji læknir það ekki þjóna hagsmunum sjúklings að afhenda framangreindum aðilum afrit sjúkraskráa skal án tafar framsenda landlækni afrit sjúkraskrárinnar til frekari afgreiðslu og ákvörðunar, sbr. breytingar sem gerðar voru á [lögum um sjúkraskrá nr. 6/2014](#).

Afrit úr sjúkraskrá skal afhent sjúklingi eða umboðsmanni hans gegn greiðslu fyrir umsýslu. Viðtakandi skal kvitta fyrir móttöku gagnanna. Kvittunin skal varðveitt í rafrænni sjúkraskrá. Í þeim tilvikum sem sjúklingur óskar eftir að fá gögn send í ábyrgðarpósti gildir móttökuvittun. Maki eða ættingjar, þó nákomnir séu, hafa ekki rétt til að fá afrit sjúkraskrár án umboðs. Ljósrituð blöð skulu stimpluð sem afrit.

Læknaritarar ganga frá skjölum á tryggilegan hátt í lokaðar umbúðir, merkt þeim sem hafa heimild til að taka við þeim. Læknaritarar sjá um afhendingu eða að senda gögnin í ábyrgðarpósti ásamt reikningi.

Læknir óskar eftir að fá afrit úr sjúkraskrá sjúklings:

Læknir sem hefur sjúkling til meðferðar getur óskað eftir afriti úr sjúkraskrá símléiðis. Sé óskað eftir afriti af sjúkraskrá sjúklings í heild skal málinu vísað til framkvæmdastjóra lækninga.

Tryggingafélög, lögfræðingar eða lögregla óska eftir læknisvottorði eða afriti úr sjúkraskrá:

Heimilt er að afhenda heilsufarsupplýsingar í tengslum við rekstur dómsmála, læknisrannsóknir og þess háttar, þar með talið við framkvæmd geðrannsóknna ef fyrir liggur skrifleg heimild sjúklings eða umboðsmanns hans, úrskurður dómstóls eða lagaskilyrði er leiða að öðru leyti til slíkra afhendinga, sbr. 8. gr. og 9. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Læknir skal ávallt leita samráðs við framkvæmdastjóra lækninga leiki vafi á því hvort nægjanleg heimild sé fyrir hendi.

Ekki skal krafist gjalds fyrir afrit til opinberrar stofnunar svo sem Embættis landlæknis.

Aðgangur vegna vísindarannsókna:

Umsjónaraðila sjúkraskrár er heimilt að veita ábyrgðaraðila vísindarannsóknar (ásamt rannsóknarteymi) aðgang að sjúkraskrá rannsóknarþýðis, ef fyrir liggur upplýst samþykki sjúklings, rannsóknarheimild frá Vísindasiðanefnd, Persónuvernd og heimild eigin stofnunar fyrir slíkri rannsókn. Ábyrgðaraðili vísindarannsóknar skal sækja skriflega um heimild til aðgangs að sjúkraskrá þeirra stofnana sem heimild rannsóknar nær yfir. Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar ber ábyrgð á notkun rannsóknarteymis síns á rafrænum sjúkraskrárupplýsingum. Í hvert sinn sem sjúkraskrá er skoðuð vegna vísindarannsóknar skal það skráð í sjúkraskrána og vísað í heimildarnúmer rannsóknar. Um aðgang vegna vísindarannsókna fer samkvæmt lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, lögum um réttindi sjúklings nr. 74/1997 og lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009.

Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings:

Í 15. gr. laga um sjúkraskrá kemur fram að umsjónaraðila sjúkraskrár er heimilt að veita nánunum aðstandanda aðgang að sjúkraskrá hins látna ef ríkar ástæður mæla með því með hliðjón af vilja hins látna og hagsmunum aðstandanda. Telji umsjónaraðili vafa leika á réttmæti þess að veita aðgang skal hann án tafar vísa málinu áfram til landlæknis, sbr. 15 gr. laga um sjúkraskrár.

Tilvísanir:

[Lög um sjúkraskrár nr. 55/2009](#)

[Lög um réttindi sjúklings nr. 74/1997](#)

Lög um breytingu á [lögum nr. 55/2009](#), um sjúkraskrár (aðgangsheimildir), [nr. 6/2014](#)

[Lög um Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000](#)

[Upplýsingalög nr. 140/2012](#)

[Vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014](#)

[Öryggi og gæði sjúkraskráa. Fyrirmæli landlæknis](#)